



# FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

29. JANÚAR 2014

## EFNI BRÉFSINS:

**FRÁ  
FORMANNI** 1

**RÆKTUN 2014** 1

**AÐALFUNDUR  
HS** 1

**KYNBÓTA-  
SÝNINGAR  
2014** 2

**RÁÐGJAFAR-  
MIDSTÖÐ  
LAND-  
BÚNAÐARINS** 2

**UNGFOLA-  
SÝNING HS** 2

**LÁGMÖRK Á  
LM 2014** 2

## FRÁ FORMANNI

Sælir kærur félagar og gleðilegt ár.

Þann 5. febrúar verður haldinn aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, gestur fundarins verður Eyjólfur Ísólfsson og mun hann verða með framsögu um markaðsmálin sem vafalaust verður fróðleg og skemmtilegt að hlusta á. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verður kosið um varamenn en þeir eru kosnir til eins árs. Kosnir fulltrúar samtakanna til aðalfundar Félags hrossabænda og til aðalfundar Búnaðarsambands Suðurlands. Á þriggja ára fresti er kosið um formann samtakanna og verður kosinn nýr formaður á komandi fundi. Ég hef gegnt hlutverki formanns HS undanfarnir 6 ár sem reyndar hafa verið undurfljót að líða, starfið hefur verið skemmtilegt og gefið mér tækifæri til að kynnast fjölda fólks sem ég annars hefði tæpast kynnst. Ég gef ekki kost á mér til áframhaldandi formennsku þar sem ég hef tekið að mér formennsku í Félagi hrossabænda sem er ærið verkefni og eins er ekki viðeigandi að sami



aðilinn gegni báðum þessum hlutverkum samtímis. Til þessa hefur einn aðili gefið kost á sér til formennsku í samtökunum en það er Sigríkur Jónsson. Hann er búsettur á Syðri-Úlfsstöðum í Landeyjum. Sigríkur hefur verið stjórnarmaður í samtökunum síðustu misseri og staðið sig vel sem slíkur. Verkefni okkar sem leiðum

starfið er að laða fólk til starfa og þátttöku og að sjálfssögðu er öllum félögum í HS frjálst að bjóða sig fram til formennsku sem og annara hlutverka hjá samtökunum. Að lokum vil ég þakka öllum félögum HS fyrir gott samstarf og áhuga á starfi samtakanna í minni formannstíð, starfsfólki Búnaðarsambands Suðurlands þakka ég fyrir góð samskipti og sér í lagi Höllu Eygló Sveinsdóttur og hennar mikilvæga framlag.

Með ræktunarkveðju,  
Sveinn Steinarsson

## RÆKTUN 2014 Í ÖLFUSHÖLLINNI

Sýningin Ræktun 2014 verður laugardagskvöldið 26. apríl nk. í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli. Hrossaræktendur og áhugamenn um hrossarækt ættu því að taka það kvöld frá strax. Magnús Benediktsson mun sjá um sýninguna. Þeir sem hafa áhuga á að koma fram með ræktunarbú, afkvæmahópa eða einstaka kynbótahross vinsamlegast hafið samband í síma 893-3600 eða sendið tölvupóst á netfangið [maggiben@gmail.com](mailto:maggiben@gmail.com).

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

## AÐALFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður **miðvikudagskvöldið 5. febrúar kl. 20:00** í Hliðskjálfi, félagsheimili Sleipnis á Selfossi (í hesthúsahverfinu Suðurtröð). Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Kjósa á um formann að þessu sinni en Sveinn Steinarsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Einnig verður kosið um þrjá varamenn í stjórn. Gestur fundarins verður Eyjólfur Ísólfsson og mun hann fjalla um markaðsmál.

Rétt er að benda á að fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á slóðinni [www.bsll.is](http://www.bsll.is) en þar eru Hrossaræktarsamtökin með síðu. Vonumst til að sjá ykkur sem flest á aðalfundinum.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

## KYNBÓTASÝNINGAR 2014

Eftirfarandi sýningaáætlun var samþykkt á desemberfundir fagráðs í hrossarækt, með fyrirvara um að vallarsvæði fái stöð á tilteknum dagsetningum. Hafa ber í huga að ný regla um lágmarksfjölda hrossa á sýningu kann að kalla á endurskoðun sýningaráætlunar. Samþykkt var að ef skráningar ná ekki 30 hrossum fellur sýning niður, Austurland verður þó undanþegið þeirri reglu enda einungis ein sýning á Austurlandi.	26.5 – 30.5 26.5 – 27.5 28.5 – 30.5 03.6 – 06.6 <b>02.6 – 13.6</b> 02.6 – 13.6 <b>30.6 – 06.7</b> <b>21.7 – 25.7</b> 28.7 – 30.7 11.8 – 15.8 11.8 – 15.8 18.8 – 20.8 <b>18.8 – 22.8</b>	Skagafjörður Hornafjörður Fljótsdalshérað Eyjafjörður <b>Gaddstaðaflatir</b> Borgarfjörður <b>LM – Gaddstaðaflatir</b> <b>Gaddstaðaflatir</b> Eyjafjörður Borgarfjörður Skagafjörður Blönduós <b>Gaddstaðaflatir</b>
24.4 – 25.4	Sauðárkrókur.	
<b>12.5 – 16.5</b>	<b>Reykjavík</b>	
14.5 – 16.5	Eyjafjörður	
<b>19.5 – 23.5</b>	<b>Hafnarfjörður</b>	
19.5 – 23.5	Blönduós	
<b>26.5 – 30.5</b>	<b>Selfoss</b>	

## RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS - EKKI LEYNIFÉLAG!

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf (RML) tók til starfa þann 1. janúar 2013. Starfsmannahópur fyrirtækisins samanstendur að mestu af ráðunautum og starfsfólki sem áður starfaði hjá Bændasamtökum Íslands og búnaðarsamböndum um allt land. RML er einkahlutafélag í eigu Bændasamtaka Íslands og framkvæmdastjóri er Karvel Lindberg Karvelsson.

Í faghópi hrossaræktar eru: Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, kynbótafræðingur en hún tók við af Guðlaugi V. Antonssyni, starfsstöð Óseyri 2, 603 Akureyri, sími 516-5023/ geh@rml.is. Gunnar Ríkhartsson, starfsstöð Húnabraut 13, 540 Blönduós, sími 451-2602/ gr@bondi.is. Halla Eygló Sveinsdóttir, starfsstöð Austurvegi 1, 800 Selfoss, sími 516-5024/ halla@rml.is. Pétur Halldórsson, starfsstöð Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur, sími 487-1513/ petur@rml.is. Steinunn Anna Halldórsdóttir, starfsstöð Langanesvegi 1, 680 Þórshöfn, sími 516-5045/ sah@rml.is.

Á heimasíðunni [www.rml.is](http://www.rml.is) má nálgast ýmsar upplýsingar varðandi hrossarækt.

## UNGFOLASÝNING HS - HORSE EXPO

Vegna Icelandic Horse Expo hefur verið ákveðið að ungfolasýning HS, sem haldin hefur verið á Ingólfshvoli undanfarin ár, verði nú með breyttu sniði. Í ár verða haldnar þrjár forvalssýningar um miðjan mars á félagssvæði HS, þar sem folar fæddir 2011 og 2012 verða dæmdir. Líklegar staðsetningar sýninganna eru Hella, Selfoss og Reykjavík.

Þrjár afstúvar í árgangi á hverjum stað munu svo koma fram laugardaginn **12. apríl** í Ingólfshvoli í tengslum við Icelandic Horse Expo.

Viðburðirnir verða auglýstir nánar í héraðsfréttablöðum og á vefmiðlum þegar nær dregur.

Icelandic Horse Expo er vikulöng hátíð sem verður haldin dagana 7.-12. apríl í vor. Erlendu hestafólki er boðið í heimsókn til Íslands, á viðburð sem er hannaður með þarfir þeirra í huga. Í stuttu máli er um að ræða heimsóknir á hrossaræktarþú ásamt því að taka þátt í þeim uppákomum sem eru í boði fyrir hestamenn hér á landi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.horseexpo.is](http://www.horseexpo.is).

## LÁGMÖRK Á LANDSMÓT Á GADDSTAÐAFLÖTUM 2014

Fagráð hefur samþykkt eftirfarandi lágmark á landsmót fyrir kynbótahross á Gaddstaðafötum 2014.

### Alhliðahross:

Stóðhestar 7 vetra og eldri	8,35
Stóðhestar 6 vetra	8,30
Stóðhestar 5 vetra	8,20
Stóðhestar 4 vetra	8,05

### Klárhross:

Stóðhestar 7 vetra og eldri	8,25
Stóðhestar 6 vetra	8,20
Stóðhestar 5 vetra	8,10
Stóðhestar 4 vetra	7,95

Hryssur 7 vetra og eldri	8,25
Hryssur 6 vetra	8,20
Hryssur 5 vetra	8,10
Hryssur 4 vetra	7,95

Hryssur 7 vetra og eldri	8,15
Hryssur 6 vetra	8,10
Hryssur 5 vetra	8,00
Hryssur 4 vetra	7,85

Aðalbreytingin í þessu er að sérlágmark hafa verið sett fyrir klárhross en þau eru 10 stigum lægri en fyrir alhliðahross. Þetta ætti að auðvelda þeim þátttöku í landsmóti. Lágmarkin fyrir 4 og 5 vetra hross voru hækkuð um 5 stig frá síðasta landsmóti. Þó svo hross komi inn á landsmót sem klárhross er þeim heimilt að sýna skeið á sjálfu mótinu.